

LANDSRÉTTUR

Úrskurður mánudaginn 26. janúar 2026.

Mál nr. 837/2025:

A

(sjálfur)

gegn

B

(Reimar Pétursson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Fjárskipti. Skaðabætur. Viðurkenningarkrafa. Kröfugerð. Lögvarðir hagsmunir. Frávísun frá héraðsdómi staðfest að hluta. Frávísun frá héraðsdómi felld úr gildi að hluta.

Útdráttur

A höfðaði mál á hendur B og krafðist aðallega viðurkenningar á skaðabótaskyldu B vegna fjármuna sem A varð af við það að B veitti A ekki með viðhlítandi hætti upplýsingar um eignarhluti hennar í félaginu C og kauprétt hennar vegna hluta í sama félagi við fjárskipti aðila við hjúskaparslit. Til vara krafðist A viðurkenningar á því að hlutafé B í félaginu og kaupréttur hennar vegna hluta í sama félagi, sem B átti við gerð fjárskiptasamnings aðila, hafi ekki fallið undir fjárskiptasamninginn og að helmingur eignanna hefði átt að koma í hlut A. Með úrskurði héraðsdóms var málinu vísað frá dómi. Í úrskurði Landsréttar kom fram að aðalkrafa A þætti nægjanlega ákveðin og ljós til að uppfylla áskilnað d- og e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Jafnframt var talið að A hefði með málatilbúnaði sínum og framlögðum gögnum leitt nægar líkur að því að hann kynni að hafa orðið fyrir tjóni og gert grein fyrir tengslum þess við þá ólögmetu háttsemi sem hann byggði á að hefði valdið sér tjóni. Um varakröfu A vísaði Landsréttur til þess að hún fæli í reynd í sér málsástæður fyrir aðalkröfunni. Með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 var varakröfu A því vísað frá héraðsdómi en að öðru leyti var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 28. nóvember 2025. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 17. desember sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. nóvember 2025 í málinu nr. E-[...]/2025 þar sem máli sóknaraðila á

hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 2 Sónnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærúmálskostnaðar.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærúmálskostnaðar.

Niðurstæða

- 4 Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum kærða úrskurði. Svo sem þar kemur fram sóttu aðilar um skilnað að borði og sæng síðla árs [...] og gerðu samning um fjárskipti sem var undirritaður og staðfestur af sýslumanni [...]. Ágreiningur málsins lýtur að efni þess samnings. Byggir sóknaraðili á því að hann hafi orðið annars efnis en til stóð vegna þess að varnaraðili hafi með saknæmum og ólögætum hætti leynt hann upplýsingum um verðmæti hlutabréfa í félaginu C og tilvist og verðmæti kaupréttar hennar í félaginu.
- 5 Samkvæmt d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skal í stefnu greina svo glöggt sem verða má dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekið skaðaverk án fjárhæðar ef enn er óvíst um hana, vexti ef því er að skipta, viðurkenningu á tilteknum réttindum, ákvörðun á eða lausn undan tiltekinni skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerkingu tiltekinnna ummæla, málskostnað o.s.frv. Þá er í e-lið sömu greinar mælt fyrir um að í stefnu skuli greina þær málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst en þessi lýsing skuli vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið sé.
- 6 Samkvæmt stefnu til héraðsdóms krefst sóknaraðili þess aðallega „að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu gagnvart stefnanda vegna þeirra fjármuna sem stefnandi varð af við það að stefnda veitti stefnanda ekki með viðhlítandi hætti upplýsingar um eignarhluti hennar í C og kauprétt hennar vegna hluta í sama félagi við fjárskipti aðila þann [...], þannig að stefnandi verði gerður jafnsettur því ef hann hefði fengið helming þeirra verðmæta við fjárskiptin.“
- 7 Dómkrafa þessi er nægjanlega ákveðin og ljós til að uppfylla framangreindan áskilnað í d-lið 1. mgr. 80. gr. laganna. Þá má af málatilbúnaði sóknaraðila í héraði ráða að hann byggir kröfu þessa á því að verðmæti hlutafjáreignar varnaraðila í nefndu félagi á þeim degi er aðilar undirrituðu skilnaðarsamkomulag hafi verið meira en hann gerði sér grein fyrir og að kaupréttur hennar í félaginu hafi haft verulegt fjárhagslegt gildi á sama tíma og honum hafi ekki verið kunnugt um að hún nyti þess réttar. Jafnframt byggir sóknaraðili á því að varnaraðili hafi leynt hann upplýsingum sem hún bjó yfir þegar þau gengu frá skilnaðarsamkomulagi og að það hafi falið í sér saknæma og ólögætta háttsemi. Vísar hann í því efni til ákvæða hjúskaparlaga nr. 31/1993 og að á grundvelli meginreglu sömu laga, um að skipta skuli skírri hjúskapareign hvors um

síð til helminga við skilnað, hafi honum borið helmingshlutur þeirra verðmæta. Er máláttílbúnaður sóknaraðila nægilega skýr um þetta efni, sbr. e-lið sömu greinar.

- 8 Aðalkrafa sóknaraðila felur í sér kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu varnaraðila. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 getur aðili leitað viðurkenningardóms um kröfu sína um tilvist eða efni réttarsambands enda hafi hann lögvarða hagsmuni af því að skorið verði úr um tilvist eða efni slíkra réttinda. Gildir þessi regla óháð því hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms sem fullnægja mætti með aðför. Í dómaframkvæmd hefur verið við það miðað að það sé skilyrði fyrir beitingu heimildar þessa ákvæðis að sá sem mál höfðar leiði nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni, geri grein fyrir því í hverju tjónið felist og hver tengsl þess séu við atvik máls.
- 9 Í máláttílbúnaði sóknaraðila er vísað til gagna sem varpa eigi ljósi á verðmæti umdeildrar hlutafjäreignar og verðmæti og tilvist kaupréttar. Meðal gagna málsins fyrir héraðsdómi er sameiginlegt skattframtal aðila [...] vegna tekna og eigna ársins [...] þar sem greinir frá hlutafjäreign aðila í nefndu félagi. Þá hefur sóknaraðili lagt fram nokkurn fjölda gagna sem hann kveður sýna fram á að virði umdeilda eigna hafi verið til muna meira við gerð skilnaðarsamkomulags aðila en greinir í skattframtalinu, svo sem ársreikninga félagsins fyrir árin [...] til [...], fundagerðir hluthafafundar þess á árunum [...] til [...] auk fleiri gagna varðandi félagið, sem mun hafa breytt heiti í D á árinu [...]. Þá hefur sóknaraðili lagt fram gögn um fjárhagslegar upplýsingar félagsins E sem keypti hlutabréf D í árslok [...].
- 10 Hvað sem líður sönnunargildi þessara gagna um verðmæti umdeilda eigna við gerð skilnaðarsamnings aðila verður fallist á það með sóknaraðila að hann hafi með máláttílbúnaði sínum og framlögðum gögnum leitt nægar líkur að því að hann kunnir að hafa orðið fyrir tjóni og gert grein fyrir tengslum þess við þá ólögsmætu háttsemi sem hann byggir á að hafi valdið sér tjóni. Þá er þess að gæta að gagnaðöflun hefur ekki verið lýst lokið fyrir héraðsdómi og að í héraðsdómsstefnu áskilur sóknaraðili sér meðal annars rétt til að óska dómkvaðningar matsmanns til að meta verðmæti umdeilda hlutabréfa og réttinda. Verður aðalkröfu sóknaraðila því ekki vísað frá dómi á þeim grundvelli að hún uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.
- 11 Með varakröfu sinni krefst sóknaraðili viðurkenningar á því að „hlutafé stefndu í C og kaupréttur hennar vegna hluta í sama félagi sem stefnda átti við gerð fjárskiptasamnings aðila [...], í kjölfar slita á hjúskap þeirra, hafi ekki fallið undir fjárskiptasamning og að helmingur eignanna hefði átt að koma í hlut stefnanda, vegna ákvæða 2. mgr. 3. gr., 6. gr. og 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.“
- 12 Með kröfugerð þessari leitar sóknaraðili eftir viðurkenningu á því að umdeild hlutabréfaeign og réttindi þeim tengd hafi ekki fallið undir fjárskiptasamning aðila og túlkunar á tilgreindum ákvæðum hjúskaparlaga. Óhjákvæmilegt er að taka efnislega

afstöðu til þessara atriða við úrlausn um aðalkröfu sóknaraðila. Varakrafa sóknaraðila felur því í reynd í sér málsástæður fyrir aðalkröfu hans og ber, með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að vísa henni frá dómi. Með framangreindum rökstuðningi er staðfest sú niðurstaða héraðsdóms.

- 13 Ákvörðun um málskostnað bíður efnisúrlausnar málsins. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu þykir rétt að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um frávísun varakröfu sóknaraðila, A.

Að öðru leyti er hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. nóvember 2025.

Stefnandi er A, [...]. Stefnda er B, [...]. Málið var höfðað 20. ágúst 2025.

Stefnandi krefst þess aðallega „að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu gagnvart stefnanda vegna þeirra fjármuna sem stefnandi varð af við það að stefnda veitti stefnanda ekki með viðhlítandi hætti upplýsingar um eignarhluti hennar í C og kauprétt hennar vegna hluta í sama félagi við fjárskipti aðila þann [...], þannig að stefnandi verði gerður jafnsettur því ef hann hefði fengið helming þeirra verðmæta við fjárskiptin“.

Til vara er þess krafist „að viðurkennt verði að hlutfé stefndu í C og kaupréttur hennar vegna hluta í sama félagi sem stefnda átti við gerð fjárskiptasamnings aðila [...], í kjölfar slita á hjúskap þeirra, hafi ekki fallið undir fjárskiptasamning og að helmingur eignanna hefði átt að koma í hlut stefnanda, vegna ákvæða 2. mgr. 3. gr., 6. gr. og 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993“.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaður að mati dómsins.

Málið var þingfest 3. september 2025. Á dómþingi 1. október skilaði stefnda greinargerð samkvæmt 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krafðist þess að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða henni málskostnað. Málið var munnlega flutt um frávísunarkröfu stefndu 3. nóvember. Í þeim þætti máls krefst stefnandi þess að synjað verði um kröfuna.

I.

Málsaðilar gengu í hjúskap [...]. Síðla árs [...] sóttu þau um skilnað að borði og sæng. Liggur fyrir í því sambandi skriflegur samningur um fjárskipti vegna skilnaðar, dagsettur, undirritaður og staðfestur af sýslufulltrúa [...]. Í 1. gr. samningsins segir að eignir búsin séu [fasteign] að [...], [bifreiðar] og [...]. „Jafnframt eru félögin F slf. kt. [...] og G ehf., kt. [...] í eigu [stefnanda].“ Um skiptingu eigna segir að við fjárskiptin fái stefnda [fasteignina] til eignar ásamt áhvílandi veðskuldum, [...] og eina af [bifreiðunum], en hinar [...] fái stefnandi. Þá haldi stefnandi eignarhaldi á F slf. og G ehf. Hins vegar beri honum að skipta upp síðarnefndu félagi þannig að eignir að verðmæti [...] króna verði færðar í nýtt félag og verði það félag að fullu í eigu stefndu. Í niðurlagi 1. gr. segir að samkomulag sé um skiptingu innbús og annarra lausafjármuna. Í 2. gr. samningsins er fjallað um skuldir búsin og þær tilgreindar sem tvö áhvílandi lán á [fasteigninni], samtals ríflega [...] króna, sem dragast muni frá virði hússins við fjárskipti. Skatta vegna tekna hvors fyrir sig á árinu [...] muni aðilar standa skil á hvor fyrir sig. Í 3. gr. er fjallað um málefni barna aðila í kjölfar skilnaðar.

Loks segir í 4. gr.: „Með þessum samningi er slitið fjárfélagi okkar hjóna og þær eignir eða skuldir sem hvort okkar eignast eða stofnar til eftir staðfestingu samnings þessa eru hinu hjóna óviðkomandi.“

II.-1.

Meðal framlagðra gagna stefnanda á þingfestingardegi er afsal [...], en samkvæmt því afsalar hann í tengslum við fjárskiptasamning aðila „öllu hlutafé sínu í H ehf., kt. [...] til [stefndu]. Hinir afsöluðu hlutir er allt hlutafé í félaginu H ehf. sem eru [...] hlutir“.

II.-2.

Þá lagði stefnandi fram tölvupósta til stefndu [...] og [...] og svarpóst hennar [...]. Í fyrsta póstinum skrifar stefnandi til stefndu: „Hluti af samningi. Hlutir í eigu [stefndu] í D verða eign [stefndu]. Hlutir í eigu I ehf. sem eru í eigu [stefnanda] verða eign [stefnanda]. Stefnandi óskaði eftir staðfestingu sömu skilaboða í pósti til stefndu [...] og fékk til svars: „Staðfest, þetta var samið um munnlega þegar skilnaður að borði og sæng var staðfestur. Félagið heitir J ehf.“

II.-3.

Stefnandi lagði einnig fram sameiginlegt skattframtal aðila [...]. Samkvæmt því áttu þau m.a. verðbréf í K, hlutabréf í G ehf., L hf., M hf., N ehf. og O hf., sem og hlutabréf í [...] félaginu C, að virði [...] krónur.

II.4.

Þá lagði stefnandi fram fjölda skjala á [erlendu tungumáli], m.a. ársreikning C [...] og fundargerðir félagsins, ársreikninga D [...] og [...] og ársreikning E fyrir rekstrartímabilið [...] til [...].

II.-5.

Loks skal hér nefnt að við upphaf málflytninga 3. nóvember sl. lagði stefnandi fram skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins P frá [...] ([...]), sem sýna eigi hátt virði og mikla gróðavon í rekstri [...], upplýsingar um hvernig reikna skuli [...] fyrirtækja og hreyfingar á bankareikningi stefnanda dagana [...].

III.

Samkvæmt stefnu reisir stefnandi málsókn á því að fjárskipti hans og stefndu [...] hafi orðið annars efnis en að var stefnt þar sem stefnda hafi ekki upplýst stefnanda með viðhlítandi hætti um tilteknar eignir sínar við fjárskiptin, nánar til tekið hlutafjáreign í [...] félaginu C og kauprétt stefndu á nýju hlutafé í félaginu. Vísar stefnandi hér til ársreikninga og fundargerða C sem hann hafi nýlega keypt á [...], en sá vefur sé sambærilegur hlutafélagaskrá hér á landi. Þau gögn gefi fremur skýra mynd af þeim réttindum sem stefnda átti og sölu á öllu hlutafé C, en það félag sé móðurfélag félaga sem reki [...]. Stærsta eign móðurfélagsins sé allt hlutafé í J ehf., sem reki [...] og hafi stefnda verið [...] félagsins á þessum tíma. Í viðauka 1 við fundargerð hluthafafundar C [...] komi fram að stefnda kaupi þar [...] hluti samkvæmt kaupréttarsamningi, á gengi [...] [erlendur gjaldmiðill] fyrir hvern hlut. Í skattframtali aðila [...] komi fram að stefnda eigi [...] hluti í C, með skráð verðmæti hluta [...] ISK.

Í framhaldi vísar stefnandi til 1. gr. fjárskiptasamnings aðila, segist hafa staðið við sinn hluta samningsins, nefnir að G ehf. hafi verið stærsta eign búsis, hann skipt því félagi upp og með afsali [...] greitt hluta eigna þess til stefndu með framsali á öllu hlutafé í H ehf. að verðmæti [...] króna. Með þeirri greiðslu og öðrum skiptum samkvæmt samningi megi áætla að stefnda hafi við fjárskiptin fengið eignir að verðmæti [...] króna sem áður voru í eigu stefnanda, en að [...] frátöldu og helmingshlutdeild í [fasteigninni] hafi aðrar eignir búsis verið skráðar á nafn stefnanda. Þrátt fyrir að fjárskiptasamningurinn hafi átt að fela í sér tæmandi talningu allra eigna búsis hafi vantað þrjár eignir í samninginn; annars vegar [...] hluti stefndu í C og kauprétt stefndu á nýju hlutafé í félaginu og hins vegar [...] hluti stefnanda í I ehf. Eignarhlutur stefnanda í því félagi hafi numið 3% við fjárskiptin, en félagið þá verið tekjulaust og sé enn. Stefnandi fylgir þessu eftir með þeim orðum að þótt fjárskiptasamningurinn fjalli ekki um hvernig fara skuli með eignir „sem kunni að vanta í samninginn“ hafi stefnda aldrei getið um eignarhlutinn í C og kauprétt sinn í því félagi í aðdraganda samningsgerðar.

Síðar í málavaxtalýsingu stefnu segir að nafni C hafi verið breytt í D í árslok [...]. Enn fremur, að það félag hafi um svipað leyti verið selt [...] félaginu Q og að samkvæmt umfjöllun [...] á [...] [...] [...] hafi heildarvirði D við sölu numið um [...] íslenskra króna. Enn fremur, að samkvæmt fundargerð hluthafafundar C [...] komi fram að stefnda hafi átt [...] hluti í félaginu og hún nýtt sér frekari kauprétt í

félaginu með kaupum á [...] nýjum hlutum. Þá komi fram í viðauka við fundargerð að hluthafar hafi samþykkt skipti á útgefnum hlutum þannig að hver hluthafi fengi [...] hluti fyrir hvern einn hlut í félaginu. Við þá breytingu hafi hlutafjäreign stefndu aukist um [...] hluti, auk þeirra [...] nýju hluta sem hún keypti á fundinum og stefnda þannig átt [...] hluti í C þegar félagið var selt. Dótturfélag Q, E, hafi verið formlegur kaupandi alls hlutafjár í D. Í ársreikningi E fyrir tímabilið [...] til [...] komi fram að kaupverð á öllu hlutafé í D samsvari [...] krónu miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands [...]. Megi því ætla að hagnaður stefndu af viðskiptunum hafi verið verulegur.

Þar sem stefnda hafi neitað að veita stefnanda upplýsingar um sölu á hlutum hennar í D og ekki viljað ganga til samkomulags um uppgjör sé stefnandi knúinn til málshöfðunar um að réttindi sín gagnvart stefndu, enda einsætt að hún hafi leynt mikilvægum upplýsingum um sömu hjúskapareign við skilnaðaruppgjör þeirra [...] og eftir það veitt honum rangar upplýsingar um hlutafjäreign sína. Sökum þessa hafi fjárskiptin orðið „mun óhagfelldari en ella hefði orðið“.

Um grundvöll aðalkröfu vísar stefnandi til þess að stefnda hafi með saknæmri og ólögumætri háttsemi valdið honum verulegu fjárhagstjóni og beri að bæta honum það tjón á grundvelli sakarreglunnar og almennra reglna skaðabótaréttar. Í framhaldi er vísað til þess að samkvæmt 2. mgr. 3. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 hafi stefndu borið að veita stefnanda viðhlítandi upplýsingar um eignarhlut sinn og kauprétt í C við gerð fjárskiptasamningsins „og tryggja að þær eignir væru tilgreindar í fjárskiptasamningi“. Jafnframt hafi stefndu borið að skipta sömu hjúskapareignum, sem höfðu verulegt fjárhagsgildi, til helminga milli aðila, sbr. 6. gr. og 103. gr. hjúskaparlaganna.

Um grundvöll varakröfu er í stefnu vísað til 2. mgr. 3. gr., 6. gr. og 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga og á því byggt að téð lagaákvæði leiði til þess að [...] hlutir stefndu í C og kaupréttur hennar í sama félagi hefðu átt að leiða til helmingaskipa við gerð fjárskiptasamningsins [...]. Þeim samningi hafi verið ætlað að tilgreina allar eignir aðila og skipta þeim til helminga, enda ekki um annað samið, sbr. 6. gr. Við samningsgerð hafi stefnandi talið að fjárskiptasamningurinn fæli í sér tæmandi talningu á öllum eignum málsaðila „sem máli skiptu“. Stefnda hafi verið „í þeirri aðstöðu við gerð fjárskiptasamnings að hafa yfirsýn yfir allar þær eignir búans sem máli skiptu“ og henni mátt vera ljóst að stefnandi væri ekki í sömu stöðu. Af framlögðum gögnum stefnanda verði að ætla að stefnda hafi verið í vondri trú haustið [...] þegar hún sagðist aðeins eiga hlut í J ehf., um svipað leyti vitað um fyrirhugaða nafnbreytingu C í D og um yfirvofandi sölu á því félagi til E, allt í því skyni að leyna stefnanda mikilvægum upplýsingum um kauprétt sinn og raunverulegan eignarhlut í D og komast þannig hjá því að skipta rétttri hjúskapareign til helminga við stefnanda, sem átt hafi rétt á helmingi þess hagnaðar sem féll stefndu í skaut við söluna til E.

Stefnandi telur sig eiga lögvarða hagsmuni af því að höfða mál þetta sem viðurkenningarmál á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda hafi hann leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gert grein fyrir því í hverju tjónið felst og hver tengsl tjónsins séu við atvik máls. Vísar stefnandi nánar til þess að samkvæmt [...] [...] [...] hafi fjármagnstekjur [...] yfirmanna D verið á bilinu [...] til [...] króna árið [...]. Þar sé um umtalsverðar fjárhæðir að ræða og verði ekki annað séð en að þær tekjur skýrist af söluhagnaði hluta sem keyptir hafi verið á sambærilegum grundvelli og hlutir stefndu.

Að því er sérstaklega varðar varakröfuna telur stefnandi sig einnig hafa lögvarða hagsmuni af því að halda henni fram, enda liggi hvorki fyrir í fjárskiptasamningi aðila né með öðrum hætti að samið hafi verið um að hlutafjäreign og kaupréttur stefndu í C ættu að koma í hlut hennar og falla utan fjárskipta.

IV.

Stefnda byggir á því að fjárskipti hennar og stefnanda séu endanleg og að ekkert í málatilbúnaði hans geti réttlætt tilkall til eigna stefndu. Stefndu hafi verið kunnugt um allar eignir meðan á hjúskap stóð og aðilar litu svo á að með útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng og staðfestingu sýslumanns á fjárskiptasamningi þeirra [...] hafi eignauppgjör verið lokið. Í framhaldi hafi aðilum verið veittur lögskilnaður [...].

Stefnda reisir frávisunarkröfu á því að stefnandi stofni til ágreinings um fjárskipti aðila við skilnað án þess þó að gera kröfur í samræmi við 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 sem gætu, ef þær yrðu teknar til greina, leitt til kröfu um opinber skipti til fjárslita milli aðila, sbr. XIV. kafli laga nr. 20/1991 um

skipti á dánarbúum o.fl. Þess í stað fari stefnandi fram með tvær viðurkenningarkröfur; aðallega um viðurkenningu á skaðabótaskyldu og til vara um viðurkenningu á því að helmingur tiltekinna eigna „hefði átt að koma í hlut stefnanda vegna ákvæða 2. mgr. 3. gr., 6. gr. og 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga.“ Hvorki í hjúskaparlögum né tilgreindum skiptalögum sé gert ráð fyrir kröfugerð af þessum toga og séu þetta þó þau lög sem fjalla um meðferð ágreinings um fjárslit hjóna. Aðilar hafi ráðið fjárskiptum til lykta með fjárskiptasamningi í samræmi við reglur 95. gr. hjúskaparlaga. Í því felist að hvort hjóna fyrir sig haldi þeim eignum sínum við skipti sem ekki er getið um og ráðstafað með samningi, sbr. til hliðsjónar hæstaréttardómur nr. 122/2015. Vilji annað hjóna freista þess að hnekkja fjárskiptum sem þannig hefur verið ráðið til lykta þurfi það hjóna að höfða mál samkvæmt 2. mgr. 95. gr. og krefjast þess að fjárskiptasamningur verði felldur úr gildi að nokkru eða öllu. Dómkröfur stefnanda fái með engu móti samrýmst þeim fyrirmælum hjúskaparlaga. Af stefnu megi ráða að stefnandi viti að málshöfðunarfræstur samkvæmt 2. mgr. 95. gr. sé liðinn og reyni nú að sniðganga fyrirmæli og málsmeðferðarreglur sömu lagagreinar með framsetningu viðurkenningarkrafna. Sú kröfugerð og málsgrundvöllur stefnanda í heild sé andstæð lögum og því beri að vísa málinu frá dómi, sbr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og til hliðsjónar hæstaréttardómur nr. 195/2017.

Stefnda byggir einnig á því að aðalkrafa stefnanda sé þeim annmarka háð að ætlað tjón sé hvergi reifað í stefnu með viðhlítandi hætti. Á stefnanda hvíli að sýna fram á lögvarða hagsmuni af úrlausn um kröfuna, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og leiða fullnægjandi líkur að tilvist þess tjóns sem hann telji sig hafa orðið fyrir. Málalíbúnaður í stefnu sé fjarri því að fullnægja þeirri kröfu. Þannig sé því haldið fram að ekki hafi verið „samræmi á milli verðs sem fram kom í skattframtali [stefndu] og raunverulegu markaðsvirði hlutanna.“ Enn fremur, að eignirnar hafi „haft verulegt fjárhagslegt gildi á þeim tíma.“ Stefnandi eigi hér sýnilega við að virði við gerð fjárskiptasamnings hafi verið herra en fram komi í skattframtali. Framtalið varði hins vegar skattverð eigna en ekki markaðsverð í árslok [...] eða um ári áður en fjárskiptasamningur var gerður. Í málinu liggja ekkert fyrir um markaðsvirði eigna [...], en samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga ráðist gildi fjárskiptasamnings hjóna almennt af mati á sanngirni hans á þeim tíma er til hans var stofnað. Það stoði stefnanda ekki að vísa til þess í stefnu að verðmat á [...] hafi verið hátt „á þessum tíma“ án þess að vísa til gagna um virði eignanna á þeim degi sem fjárskiptasamningur aðila var gerður. Eins sé farið með þau ummæli í stefnu að [...] og [...] hafi komið fram upplýsingar sem að sögn stefnanda gefi til kynna að eignirnar hafi þá verið orðnar meira virði. Þær upplýsingar lúti að viðskiptum sem fyrirtækið Q átti aðild að gegnum dótturfélag sitt E. Það félag hafi verið stofnað [...] og viðskiptin átt sér stað [...]. Téð viðskipti hafi þannig átt sér stað rúmum 13 mánuðum eftir gerð fjárskiptasamnings aðila og sé ekkert í málalíbúnaði stefnanda sem leiði líkur að því að virði umræddra eigna hafi verið slíkt að einhverju máli hafi skipt við gerð fjárskiptasamnings. Þá stoði stefnanda það ekki að vísa til hárra fjármagnstekna [...] einstaklinga [...], sem gætu hafa fallið til af margvíslegum ástæðum og renni engum stöðum undir meinta lögvarða hagsmuni stefnanda. Að öllu gættu sé orðalag aðalkröfu svo óljóst og óákveðið og andstætt d. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 að vísa beri þeirri kröfu frá dómi.

Stefnda byggir á því að varakrafa stefnanda sé bersýnilega andstæð meginreglum réttarfars um ákveðna og ljósa kröfugerð og hún sett fram sem einhvers konar beiðni um lögfræðilegt álit á því hvort einhverjar eignir „hefðu átt að koma í hlut stefnanda“ án yfirlýsingar um aðrar eða frekari afleiðingar. Krafan feli og í sér að í dómsorði yrði vísað til tiltekinna ákvæða hjúskaparlaga án þess þó að slíkt geri kröfugerð stefnanda í nokkru ljósari um afleiðingar hennar. Varakrafan beri öll einkenni þess að vera einhvers konar málsástæða fremur en ákveðin og skýr dómkrafa. Verulega skorti á að hún fullnægi kröfum 25. gr. og d. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og beri því einnig að vísa henni frá dómi.

Stefnda byggir á því að önnur reifun í stefnu sé einnig lítt áreiðanleg. Stefnandi sé [...]. Sú viðbára í stefnu að hann hafi reiknað sig til einhvers misskilnings um hlutfallslega eignarhluti stefndu hafi á sér mikinn ólíkindablæ, ekki síst í ljósi þess að um var að ræða eign sem birtist á sameiginlegu skattframtali aðila [...]. Þá beri tölvupóstsamskipti í [...] greinilega með sér að stefnandi hafi átt frumkvæði að þeim og þrýst á stefndu að staðfesta skilning hans á eignaskiptum þeirra. Þá nefni stefnandi í engu hvernig skiptingu eigna var háttáð samkvæmt fjárskiptasamningnum og að við skiptin hafi hlutur stefnanda verið afar ríkulegur samanborið við hlut stefndu. Þær [...] króna sem stefnda hafi fengið sé vissulega há fjárhæð, en

sem hlutfall af hjúskapareignum teljist hún lág og halli þar hvergi á stefnanda út frá helmingaskiptareglu hjúskaparlaga. Þá er tali stefnanda um tæmandi talningu eigna í fjárskiptasamningi vísað á bug, enda ljóst að þar skorti upptalningu á ýmsum eignum þáverandi hjóna og báðum verið það ljóst við gerð sammingsins. Þá er því mótmælt sem örökstuddu að á öðru hvoru hjóna hvíli frumkvæðis- eða athafnaskylda af þeim toga sem stefnandi ýjar að í stefnu. Málalilbúnaður stefnanda sé þannig í veigamiklum atriðum villandi, með miklum ólíkindablæ, andstæður gögnum máls og fullnægi hvergi nærri þeim kröfum sem gerðar séu til skýrleika málsreifunar í skilningi e. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Beri því einnig af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi. Um málskostnað vísar stefnda til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Við munnlegan málflutning var áréttað að framlögð gögn stefnanda 3. nóvember sl., sbr. kafli II.-5. að framan, kristalli skort stefnanda á allri sönnun fyrir verðmæti eigna hans og stefndu á skiptadegi [...], umfram það sem þau sömdu um þann dag. Því blasi við að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn dómkrafna sinna, sbr. og til hliðsjónar hæstaréttardómur nr. 344/2017.

V.

Við munnlegan málflutning vísaði stefnandi málalilbúnaði stefndu á bug. Stefnda hafi í starfi sínu sem [...] J ehf. eignast hlutabréf og kauprétt í því félagi umfram það sem fjárskiptasamningur aðila kvað á um og stefnda í því sambandi blekkt stefnanda með vísitandi röngum upplýsingum um hlutafjäreign sína í téðu félagi og kauprétt við gerð fjárskiptasammingsins [...]. Á þeim tímapunkti hafi kaupréttur stefndu haft verulegt fjárhagslegt virði og verðmæti hluta hennar verið margfalt hærra en sem nam því gengi sem stefnda keypti hlutina á.

Stefnandi mótmælti því að hann hafi lögum samkvæmt þurft að höfða mál sitt á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 eða krefjast opinberra skipta á búi aðila samkvæmt skiptalögum nr. 20/1991, enda lúti ágreiningur ekki að því að breyta þegar gerðum fjárskiptasamningi. Málið snúist um rétt stefnanda til skaðabóta eða rétt til að krefjast viðurkenningar á því að eign falli ekki undir fjárskiptasamning þegar annar aðili sammingsins, stefnda, leyndi hinn aðilann, stefnanda, mikilvægum upplýsingum um verulegar eignir, sem komu því aldrei til skipta. Reglur 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga eigi því bersýnilega ekki við, enda þeirri lagagrein ekki ætlað að aðstoða fólk við að koma eignum undan fjárskiptum. Réttur stefnanda til skaðabóta verði ekki af honum tekinn á grundvelli hjúskaparlaga.

Stefnandi kvaðst eiga lögvarða hagsmuni af úrlausn beggja viðurkenningarkrafna sinna, enda hafi hann með þeim gögnum sem vísað er til í köflum II.-1. til II.-5. dómsins, leitt sterkar líkur að því að hlutafjäreign stefndu í C hafi haft mikið virði við gerð fjárskiptasammingsins [...] og stefnda hagnast verulega á kauprétti í félaginu og hlutabréfakaupum á grundvelli kaupréttarins. Í þessu sambandi fór stefnandi yfir ársreikninga D [...] og [...], bar saman við ársreikning E fyrir [...] til [...], upplýsingar úr [...] um fjármagnstekjuskatt [...] yfirmanna og kaupréttarhlutahafa í J árið [...] og skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins P og taldi að á grundvelli þessara gagna megi álykta að heildarverðmæti hlutafjár stefndu hafi verið rúmlega [...] króna. Stefnandi benti hér á að hann hafi í tengslum við fjárskiptasamning aðila framselt allt hlutafé í H ehf. til stefndu í [...], hún í kjölfarið framselt hluti sína í C inn í H þegar til stóð að selja hlutina fyrir umtalsverða fjármuni og gert þetta til að komast hjá því að greiða tekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfanna. Megi meðal annars ráða þetta af tölvupóstsamskiptum aðila, sbr. kafli II.-2., en þar hafi stefnda logið til og sagst eiga hluti í J ehf.

Að því er varðar meinta annmarka á varakröfu benti stefnandi á að við gerð fjárskiptasammingsins hafi ekki verið samið um að eignir stefndu í C ættu að koma í hlut hennar og ekki hafi verið um séreign stefndu að ræða. Hlut hennar í C hafi því borið að skipta samkvæmt 6. gr. hjúskaparlaga og lúti varakrafan að viðurkenningu á því.

Varðandi tilgreiningu á hlutafjäreign í C í skattframtali aðila [...] benti stefnandi á að flestir hlutir stefndu í félaginu hafi verið keyptir á grundvelli kaupréttar eftir gerð fjárskiptasammingsins [...], þ.e. í [...]. Kaupréttur þessi hafi verið hluti af starfskjörum stefndu, hann veittur fyrir gerð fjárskiptasammings, ekki tilgreindur í skattskýrslunni og því hluti af eignum stefndu við fjárskiptin. Þeim eignum hafi hún komið undan skiptum.

VI.

Stefnandi og stefnda höfðu verið í hjúskap í tæp [...] ár þegar þau ákváðu að skilja að borði og sæng. Í þeirri stöðu höfðu þau tvo kosti samkvæmt 6. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993; að gera með sér fjárskiptasamning samkvæmt reglum 1. mgr. 95. gr. laganna eða krefjast opinberra skipta til fjárslita sín á milli. Aðilar völdu fyrri kostinn og liggur fyrir í því sambandi undirritaður fjárskiptasamningur sem staðfestur var fyrir sýslumanni [...]. Lauk þar með fjárskiptum aðila. Sama dag mun sýslumaður hafa gefið út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng.

Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga getur annað hjóna höfðað mál til ógildingar á fjárskiptasamningi að nokkru eða öllu, ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað. Slíkt dómsmál skal höfða innan árs frá útgáfu skilnaðarleyfisbréfs. Sá tímafrestur á þó ekki við „ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í reglum um fjármunaréttarsamninga“, svo sem segir í niðurlagi 2. mgr.

Af málatilbúnaði stefnanda má ráða að fjárskiptin [...] hafi farið fram á grundvelli helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga, en samkvæmt henni skal við skilnað að borði og sæng skipta skírri hjúskapareign hvors hjóna um sig til helminga. Þótt enn liggi ekki fyrir skýr afstaða stefndu til þess atriðis telur hún að við fjárskiptin hafi hvergi hallað á stefnanda út frá helmingaskiptareglunni. Hvað sem þessu líður er hjónum frjálst að semja um fjárskipti við skilnað á hvern veg sem er og óháð því hvort skipti teljist jöfn eður ei, sbr. til hliðsjónar hæstaréttardómur nr. 195/2017.

Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að fjárskiptasamningur aðila [...] fól ekki í sér tæmandi talningu allra eigna við skilnað. Vísast í því sambandi til síðasta sameiginlega skattframtals aðila [...], sbr. kafli II.-3. dómsins, þar sem auk verðbréfa og hlutabréfa í ýmsum fyrirtækjum er talin fram hlutafjareign í C og hún metin til jafnvirðis [...] króna í árslok [...]. Enn fremur, til tölvupóstsamskipa aðila í [...] og [...], sbr. kafli II.-2., þar sem þau ræða skiptingu eigna og skilning hvors annars á skiptum hlutafjár í J ehf. og I ehf. Óháð því hvort fjárskiptasamningurinn teljist þannig ófullkominn eður ei sömdu aðilar; annar [...] og hinn [...], um fjárskipti sín á milli og framkvæmd þeirra með ákveðnum hætti, svo sem einnig ráða má af afsalsgerð stefnanda [...], sbr. kafli II.-1. Þau skipti sæta ekki endurskoðun á grundvelli hjúskaparlaga, nema eftir atvikum á grunni fyrrgreinds niðurlagsákvæðis 2. mgr. 95. gr. Er málshöfðun stefnanda 20. ágúst 2025 þó ekki reist á þeim grunni.

Þess í stað teflir stefnandi teflir fram tveimur viðurkenningarkröfum á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Aðalkrafan lýtur að því „að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu gagnvart stefnanda vegna þeirra fjármuna sem stefnandi varð af við það að stefnda veitti stefnanda ekki með viðhlítandi hætti upplýsingar um eignarhluti hennar í C og kauprétt hennar vegna hluta í sama félagi við fjárskipti aðila þann [...], þannig að stefnandi verði gerður jafnsettur því ef hann hefði fengið helming þeirra verðmæta við fjárskiptin“. Til vara krefst stefnandi þess „að viðurkennt verði að hlutafé stefndu í C og kaupréttur hennar vegna hluta í sama félagi sem stefnda átti við gerð fjárskiptasamnings aðila [...], í kjölfar slita á hjúskap þeirra, hafi ekki fallið undir fjárskiptasamning og að helmingur eignanna hefði átt að koma í hlut stefnanda, vegna ákvæða 2. mgr. 3. gr., 6. gr. og 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993“.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 getur hver sá sem hefur lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, þar á meðal um skaðabótaskyldu, leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnunum. Sú heimild er þó háð þeim skilyrðum að sóknaraðili færi nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir fjártjóni eða á rétt hans hallað af tilteknu atviki og geri viðhlítandi grein fyrir því í hverju tjón eða réttindamissir felist, hvert umfang sé og á hvaða réttarreglum, innan eða utan samninga, kröfugerð byggir.

Aðilar þessa máls voru í hjúskap í tæp [...] ár. Bæði eru [...] og [...]. Við framtalsgerð [...] töldu þau réttilega fram hlutafjareign í C eins og hún stóð í árslok [...]. Þótt þeirrar eignar hafi ekki verið getið í fjárskiptasamningi [...] er ljóst að um hana var samið og við skiptin féll hún til stefndu. Er dómnum til efs að stefnandi hafi þá ekki vitað um kauprétt stefndu í sama fyrirtæki. Óháð því er alkunna að virði hlutabréfa er fallvalt og getur hvort heldur risið eða fallið eftir aðstæðum á markaði. Liggur ekkert fyrir um markaðsvirði hlutafjárins [...]. Stefnda hefur ekki andmælt því að í [...] hafi hlutafjareign hennar stórum vaxið. Af málatilbúnaði stefnanda fær dómurinn hins vegar ekki séð að í því felist saknæm og ólögmat

háttsemi stefndu þannig að varðað geti bótaskyldu gagnvart honum á grundvelli skaðabótareglna utan samninga. Ber í því sambandi að hafa í huga að samkvæmt 4. gr. fjárskiptasamnings aðila slitu þau fjárfélagi sínu [...] og lýstu því yfir að eftir staðfestingu samningsins væru eignir eða skuldir sem hvort þeirra eignaðist eða stofnaði til hinu hjóna óviðkomandi.

Grundvöllur dómkrafna stefnanda og málatilbúnaður í heild þykir um margt ruglingslegur, misvísandi og í andstöðu við fyriræli d. og e. liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýran og glöggan málatilbúnað. Þrátt fyrir fullyrðingar um að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum stefndu hefur hann engin gögn lagt fram því til stuðnings og engin haldbær rök fært fyrir því að hann eigi lögvarinn rétt til helmings hagnaðar af söluvirði hlutafjár í C til E löngu eftir skilnað aðila. Samkvæmt þessu og að virtum framlögðum gögnum stefnanda þykir hann ekki hafa leitt nægilega í ljós að hann hafi orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni af völdum stefndu í skilningi 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Hefur stefnandi þannig ekki lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr aðalkröfu sinni og ber því að vísa henni frá dómi.

Varakrafa stefnanda er að mati dómsins illskiljanleg, skilyrt og ekki dómtæk þegar á þeim grunni að dómsorð um kröfuna yrði stutt ákvæðum 2. mgr. 3. gr., 6. gr. og 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Að þessu gættu og með vísan til d. og e. liða 1. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 ber einnig að vísa varakröfu stefnanda frá dómi.

Samkvæmt greindum úrslitum og með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að úrskurða stefnanda til greiðslu málskostnaðar til stefndu. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 1.000.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Úrskurðurinn er kveðinn upp af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, A, greiði stefndu, B, 1.000.000 krónur í málskostnað.